

Fundur 30.3.2026 Ken Ob af ætt Neanderdalsmanna var uppi fyrir 10. þúsund árum.

Góða kvöldið.

*Gott kvöld.*

Tala ég til ykkar úr stjörnusambandsstöð og gleður það mig að komast í sambandið.

*Velkominn,*

Já takk fyrir, hef ég ekki talað til ykkar áður, en hafa það aðrir gert af minni ætt og þjóð og þakka ég fyrir að við erum komin á framfara brautina og vona ég að í kvöld takist mér að lýsa því hversu gott það er að koma þeim á framfara brautina sem hafa langa fortíð, margskonar erfiðleika að baki frá sínum frumlífs tilverum.

Og er ég af þeirri ætt Neanderdalsmanna sem hafa fengið uppfærslu og höfum breyst í aðra manntegund og fullkomnari.

Og forfeður okkar eignuðust afkvæmi með forfeðrum ykkar og öðrum tegundum og höfum við því tekið framförum og vona ég að mér takist að lýsa því hvað gott hlýst af því, en ekki ætla ég að fela það að eftir langar jarðvistir vorum við á helstefnu brautinni og þróðumst lítið sem ekkert, en það er nú allt breytt og hef ég allavegana í nokkrar jarðvistir verið með nokkuð gott vit á við ykkur og menning okkar nokkuð framþróuð og kærleiksrík og höfum við einnig lagt stund á vísindi og þekkingu eins og aðrir.

Og er það til jafns á komið hvernig við höfum getað hjálpað öðrum og sent orku og styrk með okkar gömlu erfðabáttum og tengingu við forfeður okkar frumstæðari og hvernig við höfum þurft að þola neikvæð sambönd þessvegna og takast á við þeirra misgjörðir og segja má því að hnöttur okkar sé í ölduróti, ölduróti mismunandi stilliáhrifa.

En höfum við þróast í gegnum aldirnar þannig að ýmislegt höfum við þolað og nýlega var það að við gátum styrkt ættingja okkar sem urðu fyrir árásum frá Jahve hnöttunum og kom þar til aðstoðar okkar þrautsegja sem við höfðum öðlast í gegnum aldirnar.

Og voru þau þakklát sem tóku á móti þeirri orku og eru þau ein af mörgum sem eiga erfitt vegna þeirra árása og kannski má telja ykkar frumlífs hnött líka í hóp þeirra sem verða fyrir slíkum árásum Jahve hnattanna.

En þó höfum við ekki mikið af okkar genum í ykkur, en eitthvað er það þó samt, en ég er að tala um náskyldari þjóðflokk okkur í framlífi sem komin var á framfara brautina, en mátti þola afturfarið og gátum við þar aðstoðað, en einnig eru sumir ættingjar okkar vanþróaðir enn þá og reynum við að styðja þá með ráðum og dáð og eru þeir margir á myrkur hliðum hnattanna og segjum við þeim að stefna að ljósinu og taka á móti fyrirgefningu og kærleika og hætta í hringrás hefnda refsinga og samlagast þeim hópum á þeim hnöttum sem taka ekki þátt í vígbúnaðar kapphlaupi þjóðanna og ofbeldisverkum, en stefna upp á við að ljósinu og kærleikanum.

Og tekst það misvel, en við sem höfum reynsluna af hvoru tveggja getum hjálpað og reynum það eftir fremsta megni, en heyrt hef ég einnig um það að sumir okkar hafi fallið útbyrðis að helstefnunni og lent þar um stundarsakir í framlífi.

Er ég af Neanderdalsætt og nafn mitt er Ken Ob.

*Vertu velkomin Ken Ob.*

Takk fyrir, var ég uppi fyrir fyrir meira en 10,000 árum og verð ég nú að kveðja og þakka ég fyrir.

*Má ég spyrja þig einnar spurningar ?*

Já.

*Veist þú hvar þessir Jahve hnettir eru, ekki eru þeir í vetrarbrautinni minni, ekki í Andrómedu eða er eitthvert nafn á þessu fyrirbæri ?*

Jaá þetta er í vetrarbrautinni ykkar spyrð þú,

*Já.*

Já það er eitthvað um það, en ég er nú meira að tala um, það eru takmarkaðir alheimar þar sem þéttleiki helstefnu hnattana er meiri og hafa þeir meiri áhrif, en þið eruð í útjaðri ykkar vetrarbrautar skynja ég, er það rétt ?

*Já.*

Það eru lífstefnu hnettir og helstefnu hnettir, næ ekki að nefna, Drankó nefnir Andrómeda, Líran, þar eru líf og ég næ ekki að, vísindamenn ykkar skynja ekki líf út í geimnum, er það rétt ?

*Já.*

*Já.*

*Þeir halda að það sé lífið sé bara á þessum hnetti og ekki neins staðar annars staðar, af því að það vantar sannanir fyrir því. Ápreifanlegar.*

Þeir hafa hjúp, fela sig margir og aðrir vilja ekki að láta sjást, það er hnattasamband, þið eruð talin hættuleg ykkur og öðrum út af kjarnorkunni.

Og þú spurðir um Jahve hnettina já, það er, þeir eru, það er talað um að það sé þessi Harmageddon spádómur, reyna að koma honum til framkvæmda, ég er ekki alveg viss um hversu margir þessi Jahve hnettir eru, en ég hef heyrt að þeir noti sérstaka aðferð við að ná, taka yfir frumlífs hnettina, getur það ekki passað ?

*Jú það höfum við heyrt.*

Og það sé hætta á því núna að það sé meira um það en áður og því þurfi að senda sérstaka orku á ykkar hnött og fleiri slíka hnetti til að lífstefnan tapi ekki.

Og það eru, mér þykir það erfitt og leitt að koma ekki fram nöfnunum á, það er víða, Andrómedra, það eru fleiri, það hafa heimsótt jörðina ýmsir úr, ég vona að það komi aðrir sem geti skýrt þetta betur.

*Já.*

Þurfið að fá nánari samskipti við þessar góðu verur sem hafa hjálpað ykkur áður, en ég við gætum kannski verið hluti af þeirri lausn í tímansrás, við sem höfum náð framförum og gætum sent ykkur orku, veit ekki hvort hún kemst til ykkar, vona að þið skynjið góða kærleiks orku frá okkur núna.

*Ég skynja hana.*

Þakka ég fyrir.

*Takk fyrir.*

Þakka ég fyrir góða spurningu, kann ég vel að meta hana, hefur eitthvað komist í gegn og verið þið sæl og kveð ég ykkur.

*Vertu sæll og þakka þér fyrir.*